*Frjálsíþróttasamband Íslands*

Fundargerð

13. fundar stjórnar FRÍ mánudaginn 5. febrúar 2015 kl. 20:15
Í fundarsal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ í Laugardal

---

Mætt: Einar Viljálmsson (EV), Jónas Egilsson (JE), Jón H. Steingrímsson (JHS), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Stefán Skafti Steinólfsson (SSS), Gunnlaugur Júlíusson (GJ).

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð síðasta fundar: Engin athugasemd gerð við boðun fundar. Framkvæmdastjóra og ritara falið að hraða frágangi fundargerða sem eftir á að leggja fram. Stjórnamenn sammála um að fylgja reglugerð um birtingu fundargerðir á vef FRÍ.

2. Fjármál FRÍ

2.1. Staða á reikningum FRÍ, hreyfingar milli funda : Framkvæmdastjóri skýrir frá innheimtumálum, stöðu yfirdráttar o.f.l. Gerð hefur verið ácetlun um mánaðarlega lækkun yfirdráttar hjá viðskiftabanka FRÍ. Gjaldkeri skýrir frá lífeyrisskuldbindingum FRÍ og heildarskuldum.

2.2. Kostnaður FRÍ vegna þjálfaranámskeið EAA, Bakuferðar fomanns, Noregsferðar tækninefndar: Framkvæmdastjóri mun leggja fram kostnaðaruppgjör vegna þessara viðburða að uppgjörum loknum.

2.3. Kostnaður FRÍ vegna RIG: Uppgjör liggur ekki fyrir, þar sem hvorki reikningar vegna verkefnisins hafa ekki borist, né hafa greiðslur vegna auglýsinga borist heldur. Uppgjör verður lagt fram um leið og þessar upplýsingar liggja fyrir.

2.4. Tímasetning á birtingu ársreiknings 2014 : Ákveðið var að kynna rekstrarniðurstöður ársins 2014 fyrir sambandsaðilum á Vorfundi 27. febr. nk. Gjalkera og framkvæmdastjór falið að fylgja þessari samþykkt eftir.

2.5. Tímasetning uppgjörs á Happdrætti FRÍ : Þann 7. febrúar er liðið eitt ár frá opnun happdrættis. Framkvæmdastjóra falið að skila skýrslu til stjórnar fyrir vorfund 27. febrúar eða fljótlega eftir vorfund.

2.6. Fjármálastjórn og gagnsæi í rekstri FRÍ: Umræður um leiðir og hugmyndir um rekstur og fyrirkomulag fjármála FRÍ. Formaður fór yfir þá möguleika sem FRÍ hefur til sölu auglýsinga á frjálsíþróttamótum. Stjórn er sammála um að selja auglýsingar þar sem því verður við komið á mótum FRÍ, enda sé það sameiginlegt hagsmunamál FRÍ og félaga þess.

3. Vorfundur FRÍ : Fjármál FRÍ , afreksstefna FRÍ, frjálsíþróttaaðstaðan á Laugardalsvelli: Stjórn ákveður að halda vorfund FRÍ föstudaginn 27. febrúar í Sjónarhóli Kaplakrika, í Tengslum við Bikarkeppni FRÍ. Framkvæmdastjóra falið að auglýsa og boða til vorfundar. Nánari tímasetningar verða auglýstar síðar.

4. Árangursviðmið sem tryggir þátttökurétt á EM innanhúss í Prag: Umræður í stjórn um leiðrétt árangursviðmið (lágmörk). Þjálfarar hafa lýst ánægju með að fá skýr svör. Framkvæmdastjóra falið að kynna árangursviðmiðin á heimasíðu FRÍ.

5. Uppskeruhátið FRÍ og Bikarkeppni FRÍ í Hafnarfirði : Umræður um dagskrá uppskeru-hátíðar. Framkvæmdastjóra og ritara falið að gera uppkast að dagskrá og afla styrktaraðila fyrir uppskeruhátíðina fyrir næsta fund stjórnar.

6. Innheimta þjónstugjalda 2015, sjá texta hér að neðan: Framkvæmdastjóra falið að kynna á heimasíðu og með tölvupóstum til sambandsaðila.

7. Árangursviðmið sem tryggir þátttökurétt á EM innanhúss í Prag - (sjá fylgiskjal)

8. FRÍ – unglinganefnd (Lóa)- staða mála: Farið verður yfir afrekaskrá til að skilgreina úrvalshóp FRÍ og gerð verður tillaga fyrir næsta fund. Framkvæmdastjóra (JE) falið að aðstoða Lóu (LBH).

9. Samningsviðræður við Icelandair: Stjórn felur Framkvæmdastjóra (JE) að taka saman lista yfir ácetlaðan fjölda flugmiða 2015. Framkvæmdastjóri skýrir frá tilboði er barst frá Icelandair eftir áramót. Leggur fram á næsta fundi. Formanni (EV) og framkvæmdastjóra (JE) falið að ræða við Icelandair.

10. Þátttaka og skipulag – Nordic Challenge 2015: Frestað.

11. CECS 2. stigs námskeið í vor: CECS 2. stigs námskeið í vor: Framkvæmdastjóri kynnir hugmynd að CECS 2. stigs námskeiði í vor ásamt kostnaðaráætlun. Ákvörðun frestað.

12. Heimsókn Svein Arne 26. eða 27. til 28. febr. nk. – til kynningar: Svein Arne Hansem mun heimsækja FRÍ þessa helgi.

13. Þinggerð 59. FRÍ-þings, drög lögð fram: Framkvæmdastjóri hvattur til að vinna áfram að þinggerðinni.

14. Tímasetning fyrir Stefnumótunarumræðu: Framkvæmdastjóri mun ákveða tíma með Björgu Ágústdóttur fyrir vorfund þann 27 feb.

15. Starfslýsingar og verkaskiptig starfsmanna FRÍ: Formaður og framkvæmdastjóri munu fara yfir starfslýsingar og verkaskiftingu fyrir næsta fund.

16. Önnur mál :
    Næsti fundur ácetlaður fimmtud 12 febrúar nk.. Nánari tímasetningar sendar út síðar.

    Formaður þakkaði góða fundarsetu og sleit fundi kl 22:10.
    Funargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson (SSS)